



## 22. Fundur stjórnar LH haldinn í húsakynnum ÍSÍ, 07.10.2014 frá kl:14 til 20.

Mættir; Sigurður E. Ævarsson, Andrea Þorvaldsdóttir, Erla G. Gylfadóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Þórðardóttir, Stefán Ármannsson, Sigurður Ágústsson, Helga B. Helgadóttir, Haraldur Þórarinnsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

Ekki lágu fyrir fundinum neinar fundargerðir.

2. Reikningar LH fyrir árin 2012 og 2013.

Sigrún Þórðardóttir fer yfir reikninga LH 2012 og 2013, útskýrir og svarar fyrirspurnum fundarmanna ásamt Axel Ómarssyni framkvæmdastjóra sem unnið hefur að endurskipulagningu reiknishalds LH. Voru fundarmenn sammála um að halda áfram að vinna að bættu reiknishaldi þar sem það sé lykil atriði að fjármál og fjármála stjórn í svona félagasamtökum veiti þær upplýsingar sem þau þurfi að gera með góðum hætti. Voru reikningar fyrir árin 2012 og 2013 samþykktir og undirritaðir af stjórn.

3. Stjórn fór því næst á fund í Hestamannafélaginu Spretti til að hlusta á kynningu þess um umsókn um LM 2018, og ræða við fulltrúa félagsins og viðkomandi sveitarfélaga. Svára fulltrúar Sprettis og sveitarfélagana sem standa að baki svæðinu fyrirspurnum stjórnarmanna. Á svæði Sprettis hefur mikil uppbygging átt sér stað síðustu ár.

4. Stjórn fer því næst niður í Laugardal í húsakynni ÍSÍ og tekur þar á mót fulltrúum Rangárbakka og sveitarstjórum sveitarfélaga í Rangárþingi. Kynna þeir svæði sitt og fara yfir framtíðar plön sín varðandi uppbyggingu á svæðinu og svara spurningum stjórnarmanna LH.

5. Önnur mál.

a. Rætt um næstu skref varðandi val á landsmótsstað fyrir 2018. Fundarmenn sammála að fyrst þyrfti að klára viðræður við Skagfirðinga um Vindheimamela 2016. Voru fundarmenn sammála um að ekki væri næg uppbygging til staðar til að taka við viðburði á Vindheimamelum þegar tekið er tillit veðurfarslegrar áhættu eins og 2011 og 2014. Þá væru rekstrarlegar forsendur mun erfiðari þar. Formanni falið að funda með Skagfirðingum og tilkynna þeim þessa niðurstöðu stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.